

Heyrnarvarnir

Sérsmíðaðar heyrnarvarnir fyrir iðnað

Úr efni sem málmgreiningartæki nema (fyrir matvælaiðnað)



Heyrnarvarnirnar eru með fyrirfram valinni fastri dempun fyrir krefjandi vinnuaðstæður. Framleiddar úr ofnæmisprófuðu lífrænu sílikonefni eftir nákvæmu máti af eyrum notandans sem tryggir að þær sitja þétt og þægilega í eyrunum. Það fer mjög lítið fyrir þeim og því er auðvelt að nota þær með gleraugum, grímum, hjálmun og öðrum höfuðbúnaði.

Hægt er að velja um mismunandi tegundir af dempunarsíum fyrir heyrnarvarnirnar, allt eftir þörfum hvers og eins. Dempunarsíurnar eru ólínulegar sem veitir möguleika á að dempa vissar tíðnir meira en aðrar (sjá myndir). Dempunarsíurnar hleypa mæltu máli í gegn en dempa skaðleg hljóð. Ef þarfir varðandi dempun breytast og þörf er á minni eða meiri dempun þá er hægt að skipta um síur.


Það er mjög hreinlegt að nota heyrnarvarnirnar og auðvelt að þrifa þær með vatni.

Viðbætur

- NanoScreen™ Mjúk lakkáferð*
- Silkimött áferð
- SoftTouch lakkáferð**
- Merking fyrir hægra og vinstra eyra
- Sérmerking (að hámarki 24 stafir)
- Stálkúla fyrir málmgreiningartæki
- Hálsól
- Hálsól fyrir málmgreiningartæki
- Klemma fyrir kraga
- Hálsól með töppum, glær*
- Verkfæri til að fjarlægja dempunarsíur


*Aðeins í boði fyrir heyrnarvarnir úr sílikoni

**Aðeins í boði fyrir heyrnarvarnir úr akrýl



Vottaðar og viðurkenndar samkvæmt PPE (Personal Protective Equipment) staðli Evrópusambandsins (ESP) 2016/425 og eru framleiddar við aðstæður sem eru vottaðar samkvæmt ISO 9001, ISO 13485 og tilskipun 93/42/EEC.

Meðaltalsdempun (dB) - Málmgreinanlegt sílikon



HEYRÐU

Sigtúni 42 - 105 Reykjavík - Sími: 561 8500
Netfang: sala@heyrdur.is - Vefur: www.heyrdur.is